

**Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna fagna því að rekstur sveitarfélagsins hafi vænkast, ekki síst vegna hagstæðari þróunar í ytra umhverfi sveitarfélaga og mikilla eigna bæjarins í formi íbúða- og atvinnulóða.**

Fjárhagsáetlun sú sem nú liggja fyrir drög að ber þess skýr merki að framundan er kosningavetur enda er stillt upp miklum loforðum um dýrar fjárfestingar m.a. í íþróttamannvirkjum. Mikilvægt er að bæjarbúar og allir sem hafa hagsmuni af framgangi einstakra verkefna sem sett eru fram undir þessum formerkjum séu meðvitaðir um að ef fyrirliggjandi áætlun á að standast má lítið sem ekkert bregða út af í rekstrarumhverfi sveitarfélaga og ekkert svigrúm er í reynd skilið eftir fyrir önnur verkefni sem kann að reynast nauðsynlegt að ráðast í á næstu árum.

Með þessari áætlun eru sömuleiðis allar fyrri yfirlýsingar um stórfelldar niðurgreiðslur skulda felldar út af borðinu til næstu fjögurra ára, og þó ekki séu fyrirhugaðar umtalsverðar lántökur á næstu árum þá er áætlunin að ráðstafa því svigrúmi sem annars gæti skapast til niðurgreiðslu skulda í nýfjárfestingar.

Við getum því ekki með nokkru móti tekið undir það að þessi tillöguggerð sé til marks um yfirvegaða og góða fjármálastjórn sem byggi á raunhæfum forsendum. Teljum við þvert á móti að með þessari áætlun sé gerð tilraun til að lofa langt umfram það sem efni standa til og skapa þannig óraunhæfar væntingar hjá fjölda hagsmunaaðila, m.a. frjálsra félagasamtaka í bænum, innan skolasamfélagsins og meðal íbúa þeirra hverfa sem helst þurfa á nauðsynlegum innviðaframkvæmdum að halda.

Þá er mikilvægt að fram komi að ef ekki hefði verið fyrir tillögur fulltrúa minnihlutans í umhverfis- og framkvæmdaráði þá hefði ekki verið gert ráð fyrir byggingu leikskóla í Suðurbæ í fyrirliggjandi áætlun né eðlilegri fjárfestingu í húsnæðismálum, m.a. kaupum á félagslegum íbúðum til lausnar á þeim gríðarlega uppsafnaða vanda sem er til staðar í þeim málaflokki. Fögnum við því að tekið hafi verið tillit til okkar tillagna að þessu leyti en leggjum jafnframt til eftirfarandi:

1. Að fenginn verði óháður aðili til að taka út aðstöðu til iðkunar íþróttta- og tómstunda fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði, gera samanburð á aðstöðunni í sveitarféluginu við önnur sambærileg sveitarfélög, kanna fjölbreytni í framboði íþróttta og tómstunda fyrir börn og unglings og greina hvar helst er þörf fyrir viðbótar uppbyggingu, aukinn rekstrarstuðning eða aðgerðir til að koma á fót nýrra starfsemi. Horft verði jafnt til íþróttta og annarra tómstundaúrræða, s.s. listgreina. Sérstaklega verði lögð áhersla á að greina þörf fyrir uppbyggingu helstu innviða eftir svæðum innan bæjarins, með það að markmiði að tryggja að börn í Hafnarfirði búi við sambærileg tækifæri til þátttöku í skipulögðu íþróttta- og tómstundastarfi óháð búsetu innan svæðisins.

Á grundvelli niðurstöðu þeirrar vinnu verði tekin endanleg ákvörðun um forgangsröðun verkefna sem m.a. hafa komið fram í tillögum ÍBH og eftir atvikum öðrum hagsmunaaðilum sem sinna tómstundastarfi barna og unglings í Hafnarfirði.

Mikilvægt er að þessari vinnu verði lokið eigi síðar en í lok janúar nk. þannig að hún þurfi ekki að leiða til tafa á framkvæmd einstakra verkefna.

2. Að veitt verði fjármunum í starf frístundaheimila og félagsmiðstöðva að skandínavískri fyrirmynnd, með það að sjónarmiði að auka gæði starfsins sem nýtast myndi öllum börnum og ungmennum í Hafnarfirði.
3. Að hafinn verði undirbúningur á því að setja á fót svokallað ungmennahús í bæjaféluginu sem yrði staðsett á Suðugötu 14 (gómlu Skattstofunni). Lagt er til að strax verði hafist handa við þarfagreiningu fyrir slíkt hús og í kjölfarið stefnumótunarvinnu fyrir starfsemi þess. Stefnt

verði að því að nýtt ungmennahús Hafnarfjarðar taki til starfa haustið 2018 leiði þarfagreining og stefnumótunarvinna til þeirrar niðurstöðu að það sé skynsamleg að ráðast í slíkt verkefni fyrir bæjarfélagið. Lagt er til að í fjárhagsáætlun verði 10.000.000 kr. varið í þetta verkefni. Í því felst ráðning starfsmanns sem heldur utan um verkefnið frá byrjun og kemur því af stað.

4. Að veitt verði fjármunum í menningartengt frístundastarf fyrir börn og ungmenni.
5. Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna gagnrýna að á sama tíma og mörg sveitarfélög eru nú þegar að nálgast það markmið að tryggja öllum börnum leikskóladvöl frá 12 mánaða aldri þá skuli ekki gert ráð fyrir neinni lækkun á inntökualdri barna á leikskólum Hafnarfjarðar í fyrirliggjandi drögum að fjögurra ára fjárhagsáætlun fyrir bæinn. Leggjum við til að áætlunin verði endurskoðuð að þessu leyti og inn í hana felldar breytingar fyrir síðari umræðu sem geri ráð fyrir nægilegu fjármagni til að tryggja að öll börn í Hafnarfirði geti hafið leikskóladvöl frá 12 mánaða aldri haustið 2020.
6. Að hafin verði uppbygging á ungbarnaleikskólum í sveitarféluginu og hefjist markviss undirbúningur þess strax á næsta ári.
7. Árið 2013 var samþykkt ný umhverfis- og auðlindastefna fyrir Hafnarfjörð. Því miður hefur henni ekki verið fylgt eftir á því kjörtímabili sem nú er senn að ljúka og umhverfismálin verið algjör afgangsstærð í forgangsröðun þess meirihluta sem nú er við völd í bænum. Fyrir liggja drög að endurskoðaðri umverfis- og auðlindastefnu og aðgerðaráætlun til næstu fjögurra ára. Þar sem nú fer fram vinna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir sama tímabil teljum við með öllu óeðlilegt að sú stefnumörkun sé hvergi lögð til grundvallar og ráð sé fyrir gert að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem þar eru tilgreind.

Leggjum við því til breytingar á fyrirliggjandi drögum að fjárhagsáætlun hvað þetta snertir og leggjum til að bæjarstjórn undirstriki alvöru sína í málaflokknum með því að tryggja lágmarksfjármögnun málafloksins til jafns við önnur mikilvæg verkefni með eftirfarandi hætti til samræmis við fyrirliggjandi drög að aðgerðaráætlun:

Aðgerð	Afurð	Kostnaður, þús. Króna			
	Ár	2018	2019	2020	2021
Leitað verði leka úr vatnsveitukerfinu og gert við þar sem þarf.	Aðgerðaráætlun fyrir viðhald vatnslagna	5.000	10.000	10.000	
Niðurstöður allrar vöktunar sem snúa að Hafnarfjörði verði gerðar sýnilegar og aðgengilegar.	Uppfærð vöktunaráætlun og nýtt svæði á heimasiðu	2.000			
Mótúð verði rannsóknarverkefni og kennsluefni sem tengist náttúru Hafnarfjarðar.	Betri þekking á umhverfi Hafnarfjarðar. Nýtt kennsluefni	5.000			
Verndun verði fylgt eftir með aukinni landvörslu og eftirliti í landi Hafnarfjarðar.	Fjölgun landvarðavikna	3.000	3.000	3.000	3.000
Skilgreint verði hváða tegundir teljist ágengar, með hváða hætti þær ógni vistkerfum og menningarminnum, og hver þau vistkerfi og menningarminjar eru.	Aætlun um aðgerðir gegn ágengum tegundum	1.000			
Greind verði þau vistkerfi sem kunna að vera í hættu eða kunna að hafa látið undan fyrir skipulagi og landnýtingu.	Skýrsla um vistkerfi í hættu	1.000			
Unnið verði að umbótum í Hellisgerði, náttúruperlu í miðbæ Hafnarfjarðar, og ástand garðsins verði orðið til fyrirmyndar fyrir 100 ára afmæli hans árið 2023.		5.000	10.000	10.000	5.000
Götusopun og snjómokstur verði bætt til muna og í kjölfar farið í hvatningu á minnkunar á notkun nagladekkja.	Uppfærð vertrþjónustu áætlun	3.000	3.000	3.000	3.000
Bætt verði aðgengi að tólmum um loftgæði.	Nýr vefur um loftgæði í Hafnarfjörði	1.000			
Sveitarfélagið Hafnarfjörður kolefnisjafni, m.a. með skógrækt og endurheimt votlendis.	Arleg losunarskýrsla ásamt mótvægisáðgerðum		1.000	1.000	1.000
Sveitarfélagið Hafnarfjörður bæti upplýsingajöf um mengunarvöktun og umhverfismál.	Nýr vefur um umhverfismál og umhverfisvöktun	1.000			
Sveitarfélagið Hafnarfjörður kortleggi hugsanleg mengunarvæði.	Skýrsla og kort með menguðum svæðum í Hafnarfjörði	1.000			
Hljóðmengun í Hafnarfjörði verði kortlögð og aðgerðir til úrbóta skipulagðar.	Skýrsla um hljóðmengun og aðgerðaráætlun		2.000		
Metið verði umfang ljósmengunar í Hafnarfjörði og aðgerðir til úrbóta skipulagðar.	Skýrsla um ljósmengun og aðgerðaráætlun	1.000			
Stofnunum sveitarfélagsins verði betur gert kleift að flokka úrgang, með því að bærinn komi til móts við þær varðandi losun úrgangs.	Minna óflokkað sorp	2.000	15.000	1.000	1.000
Mælingar verði gerðar á matarsónum stofnana sveitarfélagsins.	Árleg skýrsla um úrgangsmál frá stofnunum bæjarins	500			
Hafnarfjarðarbær geri að reglu að flokkunartunnur séu aðgengilegar innan stofnana, utandyra og í almenningrymum.		500	500	500	500
Leitað verði leiða til að Hafnarfjarðarbær verði plastpokalaust samfélag 2020.	Aðgerðaráætlun um plastpokalausn Hafnarfjörð	5.000	1.000		
Ráðist verði í stefnumótum um hjóleiðar í sveitarfélagini, sem ljúki störfum ekki síðar en voríð 2019.	Starfshópur skipaður til stefnumótunar.	2.000			
Hafnarfjarðarbær endurskoði samgöngusamninga, þeir endurbættir verulega og aðlagðaflir fleiri samgönguháttum en eingöngu stræto.	Innleiðing samgöngu-samninga	15.000	15.000	15.000	15.000
Ráðist verði í að finna lausni á rafhléðslumálum sem viðast, við íbúðahúsnæði, fyrirtæki og annars staðar. Fjölgat verði hleðslustöðvum.		5.000	5.000	5.000	5.000
Aðgengi að almenningssamgöngum verði skipulagt með tilliti til vetrarþjónustu og biðskýlum fjölgad.		3.000	3.000	3.000	3.000
Hafnarfjarðarbær verði fyrirmynd annarra um að koma upp rafhléðslubúnaði og reiðhljólaðstöðu við stofnani bæjarins. Góngu og hlaup teljast til vistvænnna samgangna og í stofnunum bæjarins verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þrif og fataskipti fyrir starfsfólk		5.000	3.000	3.000	1.000
Upplýsingar varðandi loftmengun, sorp og fléira verði aðgengilegar og skilmerkilegar		500			
Umhverfisfræðsla verði efld fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar.		2.500			
Hafnarfjarðarbær eflí úti-/grenndarkennslu í skólam bæjarins með áherslu á umhverfis- og náttúruskilning og vernd að leiðarljósi.		3.000	2.000	2.000	2.000
Aðgengi og umhröð verði bætt á útvistarvæðum bæjarins.		3.000	2.000	2.000	2.000
Hafnarfjarðarbær ráðist í stefnumörkun og aðgerðaráætlun fyrir samgöngur við útvistarvæði í landi Hafnarfjörðar	Bættar samgöngur milli hverfa og við útvistarvæði.	5.000	2.000		
Mótúð verði stefna um útvist og ferðajónustu í Hafnarfjörði með náttúruvermd að leiðarljósi.		1.000	1.500		
<b>Samtals</b>		<b>82.000</b>	<b>79.000</b>	<b>58.500</b>	<b>41.500</b>

Í heild er gerð tillaga um að 261 milljón króna verði áætluð til að fylgja eftir stefnumörkun í umhverfismálum á næstu fjórum árum. Þar sem engin kostnaðargreining hefur átt sér stað á verkefnum tengdum framkvæmd umhverfis- og auðlindastefnu í aðdraganda gerðar fjárhagsáætlunar er hér um að ræða mjög grófa áætlun sem mikilvægt er að endurskoða ár hvert á tímabilinu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar til eins árs. Þá er mikilvægt að hafa í huga að einstök verkefni sem ekki eru nefnd hér en koma fram í drögum að aðgerðaráætlun geta í einhverjum tilvikum falið í sér aukin útgjöld. Hér er þó reynt að draga fram þau verkefni sem augljóst má telja að feli í sér bein viðbótarútgjöld fyrir sveitarfélagið.

*Adda María Jóhannsdóttir*

*Gunnar Axel Axelsson*

*Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir*